

Nd.

175. Viðaukatllaga

við frumvarp til tjárukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Flutningsmaður: Jóhann Eyjólfsson, þm. Mýram.

Næst á eftir síðustu málsgrein frumvarpsins »Stjórn Landsbankans — —
hvern ársfjórðung« komi svo hljóðandi ný málsgrein:

Heimilt er að verja þegar í stað af fjárveitingu til Stykkishólmsvegar
(fjárlög fyrir árin 1914 og 1915, 13. gr. B. III. 1.) tveim þriðjungum af kostnaði
við að gera járnþenta steinsteypubrú á Langá hjá Langárfossi í Mýrasýslu, gegn
einum þriðjung kostnaðarins frá hlutaðeigandi hjerði.

Fylgiskjal 1.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

Arnarholti 11. júlí 1914.

Sumarið 1897 var sett trjeburú á Langá á Mýrum, hjá Langárfossi. Hún kostaði
1457 kr. 88 a., og lagði landssjóður til hennar 1000 kr., en hitt lagði Mýrasýsla fram. Brú-
in er nú svo úr sjer gengin og fúin orðin og útlitsljót, að almennur ótti er fyrir því, að

hún kunnir að bíla þá og þegar. Eg ljét þess vegna tvo menn skoða hana í síðastliðnum febrúarmánuði og lagði vottorð frá þeim fyrir sýslunefndina í Mýrasýslu á fundi hennar 23. — 26. marz þ. á. Sýslunefndin ályktaði að fara þess á leit við Alþingi, að það veitti fje til nýrrar brúar.

Eg leyfi mér nú að bera þessa málaleitun sýslunefndarinnar fram við hið háa þing, um leið og eg vísa til alþingismanns sýslunnar og landsverkfræðingsins um allar upplýsingar, er óskað kann að verða eftir.

Vottorð skoðunarmanna fylgir hjer með.

Sigurður Þórðarson.

Til
Alþingis 1914.

Fylgiskjal 2.

Samkvæmt beiðni sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu um að við undirritaðir skoðuðum og gæfum álit okkar um styrkleika brúarinnar á Langá hjá Lángárfossi, höfum við í dag skoðað fyrnefnda brú.

Og með því að ekki er einn partur brúarinnar öðrum sterkari, heldur er öll brúin meira og minna fúin, þá er það álit okkar, að hún geti alls ekki dugað til afnota næsta ár, og sje því bráð nauðsyn að byggja þegar á næsta sumri nýja brú í stað þessarar sem nú er lítt farandi.

Enn fremur teljum við þörf á því, að setja nú þegar auglýsingu við báða brúarendana, um að ekki sje farið með ófarga hesta eða vagna í einu á brúna.

Borgarnesi 23. febr. 1914.

Guðjón J. Bachmann. Andrjes Gilsson.

Til
Sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Fylgiskjal 3.

Útskrift úr brjefi Sigurðar sýslumanns Þórðarsonar.
Arnarholti 11. júlí 1914.

Herra Jóhann Eyjólfsson.

Eg sendi yður nú bónarbrjef til Alþingis um nýja Langárbrú. Brjefið kann að þykja nokkuð stutt, en eg ætla yður að flytja málið, lýsa nákvæmar þörfinni og háska þeim, sem stafað getur af bilun brúarinnar; meira ætti Alþingi ekki að þurfa til að vakna við og setja fljótt undir lekann. Það hefir víst ekkert á móti því að kosta brúna. Það er að eins

um að gera að fá það til að slá ekki málinu á frest. Hjer er svo mikið undir því komið, hvað verkfræðingur landsins leggur til. Þjer verðið að finna hann upp á málið. Sýslan á nóg með viðhald veganna sjálfra, þó hún fari ekki að kosta steinbrú þarna.

Ef yður vantar upplýsingar, þá látið mig vita.

Yðar

Sigurður Þórðarson.

Fylgiskjal 4.

Við undirskrifadur leyfum okkur hjermeð að skora á háttv. Alþingi Íslendinga, að veita nægilegt fje nú á yfirstandandi þingi til viðgerðar, eða til að steypa nýja brú á Langá í Mýrasýslu, hjá Langárfossi.

Á ánni er nú gömul trjebrú, sem er orðin maukfúin, og er ekki sjáanlegt að hún geti hangið lengi uppi enn þá, en um hana er afar-mikil umferð alla tíma árs, og því mjög hætt við að stór slys hljótist af, ef ekki er bráðlega gert við hana á tryggilegan hátt.

Borgarnesi 16. júlí 1914

Jón Björnsson, frá Svarthóli, póstaþgreiðslumaður og kaupmaður.

Þórarinn Bjarnason, bóndi, Rauðanesi.

Sig. B. Runólfsson, kaupþjelasþjóri, Borgarnesi.

Edvard Runólfsson, sparisþjóstþjehirðir, Borgarnesi.

Jón Björnsson, frá Bæ, kaupmaður.

Gísli Jónsson, kaupmaður í Borgarnesi.

Jósef Björnsson, óðalsbóndi, Svarthóli.

Hallgrímur Nielsson, óðalsbóndi, Grimsstöðum.

Bjarni Einarsson, bóndi, Fornaseli.

Þórmundur Vigfússon, óðalsbóndi, Langholti.

Daniel Fjeldsteð, bóndi, Hvítárósi.

Einar Hjálmsþsson, óðalsbóndi, Munaðarnesi.

Einar Friðgeirsson, prestur, Borg.

Kristján F. Björnsson, bóndi, Steinum.

Helgi J. Jónsson, bóndi, Pursstöðum.

Jónas E. Jónsson, óðalsbóndi, Sólheimatungu.

Sveinn Nielsson, óðalsbóndi, Lambastöðum.

Sigurður Erlendsson, óðalsbóndi, Lambastöðum.

Helgi Jónsson, bóndi, Jarðlangsstöðum.